



Fréttabréf heimsforeldra
Vor 2007

HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



Kæra heimsforeldri,

Á síðasta ári tvöfaldaðist fjöldi heimsforeldra, úr rúmlega 6.000 í 12.500. Flestir þessara nýju heimsforeldra skráðu sig á degi rauða nefnsins og eru því nú með fyrsta fréttabréfið sitt í höndunum. Vil ég nota tækifærið og bjóða ykkur hjartanlega velkomin í hópinn og vona að börn um allan heim fái notið stuðnings ykkar um ókomin ár.

Forgangsverkefni Barnahjálparinnar eru fimm, þ.e. umönnun ungabarna, heilsugæsla, menntun, HIV-verkefni og verndun barna. Í þessu fréttabréfi langar okkur að gefa þér innsýn í þau verkefni sem snúa að vernd barna. Þegar talað er um vernd er átt við vernd gegn mansali, vinnubrælkun, ofbeldi, stríði og kynferðislegri misnotkun.

Verkefni UNICEF á þessu sviði eru margvísleg enda um stórt vandamál að ræða. Þjálfun landamæravaraða, skráning barna, áfallahjálp, aðlögun, umönnun, fræðsla og samstarf við yfirvöld eru allt hluti af þessu víðamikla starfi UNICEF.

LEIKJAHORN

Finndu dulin skilaboð!

Strikaðu yfir stafina Ð, S, K, P, Q og C í kassanum hér fyrir neðan. Skrifaðu niður þá stafi sem eftir standa og lestu úr skilaboðunum.

S	B	Ð	Ö	K	K	R	N
E	P	C	I	G	Q	S	K
Q	A	S	Ð	P	R	P	É
T	C	T	S	Á	V	C	Ð
S	E	K	Q	C	S	R	K
P	P	Ð	N	S	K	C	D


UNICEF álitur að vernd barna sé mikilvægur þáttur fyrir heilsu þeirra, velferð og möguleika til að komast af. Því miður eru milljónir barna misnotuð, milljónir arðrænd og milljónir eru fórnarlömb ofbeldis. Á hverjum degi ganga börn kaupum og sölum eins og hverjar aðrar neysluvörur. Börn eru þvinguð í hermennsku, vændi, þrælkun og þjónustu.

Þessu þarf að breyta! Með hjálp heimsforeldra getum við bjargað og breytt lífi þessara barna.

UNICEF Ísland stendur einnig vörð um réttindi barna á Íslandi með því að fræða börn um réttindi sín. Á bakhlið fréttabréfsins sérðu þau verkefni sem við höfum komið af stað hér á landi.

Takk fyrir stuðninginn og gleðilegt sumar!

Stefán Ingi Stefánsson,
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.



Svar finnst á öftustu síðu.

Ábyrgðarhlutverk UNICEF

Við hjá UNICEF Ísland viljum að þú, kæra heimsforeldri, fái góðar upplýsingar um hvert framlag þitt rennur. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomið að hafa samband við okkur í síma **552 6310** eða með því að senda tölvupóst á heimsforeldri@unicef.is.

Tengiliður þinn hjá UNICEF Ísland er Snjólaug Aðalgeirsdóttir. Mjög mikilvægt er að þú látir okkur vita um breytt heimilisfang, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag.



Útgefandi: UNICEF Ísland
Laugavegi 42
101 Reykjavík
562 6262 / heimsforeldri@unicef.is

Verndari heimsforeldra: Frú Vigdís Finnbogadóttir.
Tengiliður heimsforeldra: Snjólaug Aðalgeirsdóttir.
Framkvæmdastjóri: Stefán Ingi Stefánsson.
Stjórnarformaður: Einar Benediktsson.

Forsíða: Myndir frá Súdan, Sýrlandi og Pakistan.
© UNICEF/Georgina Cranston, Shehzad Noorani og Asad Zaidi.
Hönnun og prentun: Prentsmíðjan Oddi.



Hjálp eftir náttúruhamfarir – Saga frá Indónesíu

Lögreglukonan Purwaningsih starfar á miðstöð fyrir börn sem styrkt er af heimsforeldrum og UNICEF í þorpinu Wedi á eyjunni Jövu í Indónesíu. Hún fékk þjálfun hjá UNICEF í að koma auga á vísbandingu um vanrækslu, ofbeldi og kynferðislega misnotkun í fari barna. Hún hlaut einnig fræðslu í barnarétti. „Margar fjölskyldur búa við erfiðar aðstæður og börnin fá þar af leiðandi minni vernd gegn ofbeldi og misnotkun,“ sagði Purwaningsih. „Það er því gríðarlega mikilvægt að vernda börnin og fylgjast með þeim.“

Yfir 1.500 börn og ungmenni sem lifðu af harðan jarðskjálfta á Jövu fyrir um ári síðan fá umönnun og vernd í UNICEF miðstöðinni. Þau fá áfallahjálp og öruggt svæði til að leika sér, en eftir jarðskjálfta getur umhverfið breyst í hættusvæði fyrir börn. UNICEF hjálpar einnig fjölskyldum að sameinast.

Talið er að um 5.700 manns hafi látist í jarðskálftanum og yfir 37 þúsund manns særðust. Mörg barnanna hafa því orðið fyrir sárum missi. 130 þúsund manns misstu heimili sín og þar af eru um 52 þúsund börn.



Purwaningsih leiðir stúlkur í gegnum leik í UNICEF miðstöðinni.



Þessi stúlka leikur sér með húla-hring í UNICEF miðstöðinni. Húla hringurinn er úr leikjapakka UNICEF sem sendur er til svæða þar sem börn hafa orðið fyrir áfalli eða búa við erfiðar aðstæður, eins og til dæmis í flóttamannabúðum. Mikilvægt er að börn fái að vera börn og leika sér í öruggu umhverfi.


Hjálp á átakasvæðum – Saga frá Súdan

Allt að 450 þúsund manns hafa látið lífið frá því að borgarastyrjöld braust út í Darfur-héraði í Súdan árið 2003. Einnig hefur um 1,8 milljón manns þurft að flýja heimili sín. Mörg fórnarlambanna eru börn.

Með liðsstyrk heimsforeldra leitast UNICEF við að aðstoða þær 2 milljónir barna sem búa í héraðinu. Aðgerðir UNICEF hafa m.a. leitt til þess að 60% stríðshrjáðra íbúanna hafa nú aðgang að hreinu drykkjarvatni og um 50% hafa aðgang að bættri hreinlætisaðstöðu. Þrátt fyrir þennan mikilvæga árangur má rekja þriðjung dauðsfalla barna undir fimm ára aldri í Darfur til sjúkdóma sem berast með óhreinu vatni, eins og niðurgangs og kóleru.

UNICEF mun halda áfram að vinna að því að tryggja aðgang að hreinu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu í Darfur í samvinnu við stjórnvöld og aðra aðila. UNICEF er einnig í fararbroddi alþjóðlegra hjálparsamtaka sem róa að því öllum árum að tryggja aðgang barna að hreinu vatni, heilsugæslu, bólusetningu, næringu og menntun í flóttamannabúðum í Darfur.

Hin 20 ára gamla Maka sækir kvennaathvarf í Darfur. Athvarfið er styrkt af UNICEF og heimsforeldrum. Frá því að átökin brutust út hefur nauðgunum verið beitt á kerfisbundinn hátt með það að markmiði að brjóta niður baráttubrek andstæðingsins. Og jafnvel í flóttamannabúðum eru stúlkur og konur berskjaldaðar. Í athvarfinu fá konur skjól auk þess sem þeim er boðið upp á fjölbreytta iðju.



Börn að leik í miðstöð fyrir börn í Al-Riyad flóttamannabúðunum í útjaðri borgarinnar El-Genaina í vesturhluta Darfur. Miðstöð fyrir börn er styrkt af UNICEF og heimsforeldrum en þar er boðið upp á kennslu og skólagögn, leikföng og spil, sálfræðiaðstoð og ýmsa dægrastyttingu.



Madiha (til vinstri) og Maria sækja miðstöð fyrir börn í Al-Riyad flóttamannabúðunum.



Réttindi barna á Íslandi

Mikilvægt er að vernda réttindi barna um allan heim, líka á Íslandi! Í því augnamiði hefur UNICEF á Íslandi gefið út bæklinginn *Öll börn eiga rétt og kennslufni á vefnum sem kallast Allir eiga rétt.*

Öll börn eiga rétt

Bæklingnum *Öll börn eiga rétt* var dreift til allra 11 ára barna hér á landi í þriðja sinn í apríl síðastliðnum. UNICEF gerði bæklinginn í samstarfi við Prentsmiðjuna Odda og Námsgagnastofnun.

Bæklingurinn fjallar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var þann 20. nóvember árið 1989. Ísland skrifaði undir Barnasáttmálann árið 1992 og skuldbatt sig um leið til að fræða börn og ungmenni um inntak sáttmálans.

Við hjá UNICEF Ísland vonum að með þessum bæklingi megi hvetja íslensk ungmenni til umhugsunar um aðstæður sínar, réttindi og skyldur og að taka skuli tillit til réttmætra skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Allir eiga rétt – kennslufni á vefnum

Í byrjun árs gáfu Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Námsgagnastofnun út nýtt kennslufni, *Allir eiga rétt*, fyrir efri bekkji grunnskóla. Efninu er ætlað að auka þekkingu ungmenna á mannréttindum og draga úr fordómum. Efnið má finna á slóðinni www1.nams.is/unicef.

Aldrei hefur verið eins mikilvægt og nú að unga kynslóðin þrói með sér skilning og umburðarlyndi gagnvart menningarlegri fjölbreytni. Fjölmíðlun, fólksflutningar og tækninýjungar í samskiptum gera mörk milli menningarheima óskýrari og er nýja kennslufninu ætlað að veita ungmennum mikilvæga færni til þess að verða virkir þátttakendur í fjölmenningarsamfélagi nútímans.

Námsefnið fræðir ungmenni um réttindi sín sem og skyldur. Þá eru þau hvött til að þróa með sér umburðarlyndi og samstöðu með öðrum íbúum jarðarinnar, friðarvilja, skilning á félagslegu réttlæti og meðvitund um umhverfið og verndun þess.

Í drögum að nýrri aðalnámskrá er lögð meiri áhersla en áður á markmið um mannréttindi í lífsleiknikennslu. Tilgangur lífsleikni er m.a. að styrkja einstaklinginn til þátt-



www1.nams.is/unicef

töku í lýðræðislegu samfélagi og átta sig á gildi mannréttinda. *Allir eiga rétt* helst því í hendur við auknar áherslur á mannréttindakennslu í nýrri aðalnámskrá. Sem aðili að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland auk þess skuldbundið sig til að standa fyrir verndun á réttindum barna og fræðslu um þau réttindi.

Svar: Börn eiga rétt á vernd